

# Reglugjörð

um innlenda vindlagjörð og tilbúning á bitter.

— — —

Samkvæmt lögum nr. 41, 16. nóv. 1907, um gjald af innlendri vindlagjörð og tilbúningi á bitter, eru hjermeð settar eftirfarandi reglur um vörugjörðina og afhending og sölu varanna:

## 1. gr.

Hver sá, er reka vill vindlagjörð eða tilbúning á bitter, hvernar tegundar sem er, til sölu, skal til þess leysa leyfisbrjef hjá lögreglustjóra þar, sem framleiðslan fer fram. Fyrir leyfisbrjefið skal gjalda 100 kr., er renni í hlutaðeigandi bæjarsjóð eða sveitarsjóð.

Ákvæði þetta gildir einnig um þá, sem nú reka vindlagjörð eða bittergjörð, þar á meðal lyfsala, sem búa til og selja bitter án læknisforskriftar.

## 2. gr.

Fyrir hvert pund af tóbaksvindlum og vindlingum, sem búnir eru til hjer á landi, skal greiða í landssjóð gjald, er nemi helmingi aðflutningsgjalds af vindlum eða vindlingum eftir tollögum þeim, er í hvert sinn gilda. Fyrir hvern pela af bittervökva (bitteressens, elixir o. þvl.) eða pott af bittersamsetningum, sem ætlaðar eru óblandaðar til drykkjar, skal greiða í landssjóð gjald, er samsvari tveim þriðju af aðflutningsgjaldi því, sem greiða ber af vörutegundum þessum samkvæmt tollögum.

## 3. gr.

Framleiðandi skal greiða gjaldið til hlutaðeigandi lögreglustjóra áður en varan er látin burtu frá honum, seld eða send í umboðssölu.

Af birgðum þeim, er fyrir liggja af innlendum tóbaksvindlum og bitterum hinn 25. mars þ. á., er frammanefnd lög öðlast gildi, skal gjaldið einnig greitt, og skal hver sá, er slíkan varning hefir til sölu, senda lögreglustjóra sínum innan viku drengskaparvottorð um það hve miklar birgðir hann hefir; skal hann jafnframt setja lögreglustjóra þá tryggingu fyrir skilvísri greiðslu gjaldsins, er hann tekur gilda, en gjaldið skal hann greiða áður en varan er látin burtu, seld eða send í umboðssölu, svo sem segir í 1. lið greinar þessarar.

## 4. gr.

Vindlagjörðarmenn mega ekki selja vindla öðruvísi en í kössum, er lokaðir sjeu á venjulegan hátt. Bittergjörðarmenn mega ekki selja bitter neinnar tegundar nema aftappaður sje í þau ílát, sem ætluð eru til smásölonnur til almennings, og sje lakk yfir stút.

Vörugjörðarmenn mega ekki selja minna í einu af vörum þeim, er ræðir um í reglugjörð þessari en nemi 25 kr. virði. 32  
29. febr.

Brot gegn ákvæðum greinar þessarar varða sektum alt að 500 kr.

#### 5. gr.

Framleiðendur vörutegunda þeirra, er ræðir um í reglugjörð þessari, skulu halda nákvæmar dagbækur, er sýni hve mikið af hverri tegund er framleitt til fullnustu daglega. Bækur vindlagjörðarmanna skulu og sýna hve mikið þeir fá af tóbaksblöðum til að vinna úr, og auk þyngdarinnar skal og tilgreina tölu hinna tilbúnu vindla. Lögreglustjóri hefir rjett til að rannsaka bók þessa, hvenær sem hann óskar, og skal það að öllum jafnaði gjört einu sinni á mánuði. Bókin skal vera gegnumdregin og löggilt af lögreglustjóra.

Við lok hvers ársfjórðungs skal innfæra í bækur þessar til frádráttar birgðunum það, sem vörugjörðarmaður hefir látið burt frá sjer, selt eða sent í umboðssölu, og skal bókin þannig bera með sjer hvað mikið vörugjörðarmaður hefir í sínum vörslum af hinni tilbúnu vöru við lok hvers ársfjórðungs.

Vanræksla gegn því að færa bókina jafnóðum varðar 10—100 kr. sektum.

#### 6. gr.

Í hvert sinn er framleiðandi lætur frá sjer, selur eða sendir í umboðssölu hina tilbúnu vöru, skal hann tilkynna það lögreglustjóra skriflega, og skal þá vörusendingunni fylgja til móttakanda vottorð lögreglustjóra um það, hvað mikið af hinni gjaldskyldu vöru sendingin hafi inni að halda, og að lögskipað gjald sje af henni greitt.

Auk þess skal framleiðandi við lok hvers ársfjórðungs afhenda lögreglustjóra skýrslu með árituðu æru- og samviskuvottorði um það, hve mikið hafi verið framleitt af gjaldskyldum vörutegundum á verkstofu hans síðastliðinn ársfjórðung. Þar skal og vera tilfært hvað úti hafi verið látið og hvað miklar birgðir framleiðandi hafi undir höndum við lok ársfjórðungsins.

Á skýrslu framleiðanda skal forstjóri eða verkstjóri við vörugjörðina rita vottorð um að skýrslan sje rjett að því er snertir framtal hinnar tilbúnu vöru.

Skýrsla þessi skal afhent lögreglustjóra í síðasta lagi innan viku eftir lok ársfjórðungsins, að viðlagðri alt að 500 kr. sekt, og auk þess má lögreglustjóri leggja 10 kr. dagsektir við að skýrslan sje í tje látin.

#### 7. gr.

Mál, sem risa útaf brotum á reglugjörð þessari, skal farið með sem almenn lögreglumál.

Í stjórnarráði Íslands, 29. febrúar 1908.

Í fjarveru ráðherra.

**Kl. Jónsson.**

*Eggert Briem.*

## Fyrirmynd

fyrir dagbók bittergjörðarmanns.

Dagsetning	Bittersamsetningar, sem ætlaðar eru óblandaðar til drykkjar		Aðrar bittertegundir	
	aftappaðar á þjá þela fiðskur, tals	á stærri ilátum pottar	aftappaðar á i- lát, er taka þela eða minna, tals	á stærri ilátum þelar
1908.				
25. mars. Birgðir				
26. — Búið til				
Samtals búið til á ársfj.				
Afhent á ársfj.				
Birgðir 1. apríl 1908				

